

# Framgangskerfi

*hjúkrunarfræðinga*

## Formáli

Í kjarasamningum hjúkrunarfræðinga eru ákvæði um stofnanasamning þar sem kveðið er á um framgangskerfi sem leggur áherslu á hjúkrun, klíniska færni, stjórnun og rannsóknir. Í framgangskerfi Sóltúns er farið yfir þá þætti sem eru undirstaða fyrir þær frammistöðumælingar sem hægt er að nýta til starfsþróunar og launatengingar.

Tilgangurinn með framgangskerfi Sóltúns er að gera hjúkrunarfræðinga meðvitaðri um stefnu heimilisins, þannig að starfsþróunin verði markvissari og með því móti verði einfaldara að ná fram launatengingu við framgangskerfi hjúkrunafræðinga á faglegan og sanngjarnan hátt.

Framgangur er metinn með hliðsjón af því starfi og þeim áherslum sem viðkomandi hefur þegar mat fer fram. Ennfremur er lagt mat á framfarir frá síðasta framgangi og hversu vel viðkomandi hefur náð að uppfylla sín eigin starfsþróunarmarkmið.

Starfsþróun leiðir til framgangs í starfi. Framgangur getur leitt til launahækkunar en er langt frá því að vera eini tilgangurinn með framgangskerfinu. Framgangskerfi styður við starfsþróun, er viðmið í færnismati, er grunnur að starfsmannasamtali og hvatning til starfsmanna.

## **Framgangskerfi**

Samkvæmt hugmyndafræði Newström (1997) um framgangskerfi er lögð aðal áhersla á viðurkenningar, sameiginlega markmiðssetningu og markvissa endurgjöf.

Hjúkrunarfræðingur sem sækir um að fá framgang í starfi sínu metur hæfni sína í þar til gerða mælikvarða.

Með frammistöðumælingum erum við að greina og mæla frammistöðu starfsmanna þannig að þeim sé ljóst hverjar séu megináherslur í starfseminni og hver framtíðarsýn stjórnenda Sóltúns er varðandi gæðaviðmið heimilisins.

Framgangskerfi Sóltúns tekur mið af starfslýsingu hjúkrunarfræðinga í Sóltúni, þar sem fram kemur tilgangur og markmið starfs, hæfniskröfur, ábyrgð og verksvið.

Í starfslýsingum er störfum skipt eftir vaxandi hæfni, ábyrgð og umfangi.

Í frammistöðumati skal fyrst og fremst miðað við viðvarandi og stöðugt verksvið.

## **Starfsþróun**

Frammistöðumat er tæki til starfsþróunar. Hafa ber í huga að ekki þarf starfsþróun alltaf að leiða til starfsframa upp á við heldur einnig þvert á skipulag heimilisins.

Einnig er mikilvægt þegar verið er að taka á starfsþróunarmálum að skoða afleiðingar og orsakasamhengi út frá menningu skipulagsheildarinnar.

Hjúkrunarfræðingurinn setur sér starfsþróunarmarkmið, eitt til tvö eftir hvern mælikvarða sem raunhæft er að uppfylla fram að næsta framgangi.

## **Framkvæmd**

### **Hjúkrunarfræðingur**

Í framgangskerfi felst kerfisbundið mat á störfum og starfþróun hjúkrunafræðinga.

Mat er lagt á þekkingu, klínska færni, viðhorf, stjórnun verkefna og vísinda og þróunarverkefni. Hjúkrunarfræðingur fyllir í viðeignandi mælikvarða.

Mælikvarðar:

- 1) slakur
- 2) sæmilegur
- 3) góður
- 4) ágætur
- 5) framúrskarandi

Starfsþróun er á ábyrgð hvers einstaklings. Hann á rétt á formlegu starfsmannasamtali einu sinni á ári í samræmi við stefnu Sóltúns. Framgangskerfið er ætlað til stuðnings fyrir hjúkrunarfræðing í slíku samtali auk þess sem ákvarðanir um launabreytingar byggja á niðurstöðum framgangs.

- Við afhendingu á framgangskerfi ákveða hjúkrunarstjóri og hjúkrunarfræðingur tíma fyrir starfsmannasamtal.
- Hið minnsta tveimur vikum fyrir starfsmannasamtal afhendir hjúkrunarfræðingur hjúkrunarstjóra útfyllt framgangseintak ásamt þeim fylgiskjölum sem hann óskar að leggja fram.

### **Hjúkrunarstjóri**

- Hjúkrunarstjóri fer yfir framgangseintakið og tekur afstöðu til þess sem þar kemur fram.
- Hjúkrunarstjóri og hjúkrunarfræðingur fara yfir framgangskerfið og komast að raunhæfri og sanngjarnri niðurstöðu um hvern þátt. Ennfremur skal ræða stöðu hjúkrunarfræðings m.t.t. þeirra starfsþróunarmarkmiða sem hann hefur sett sér og með hvaða hætti hægt sé að styðja við viðkomandi þannig að þeim markmiðum verði náð.

- Hjúkrunarstjóri og hjúkrunarfræðingur undirrita niðurstöðu framgangsmats.
- Ef framgangur leiðir til launabreytinga útbýr hjúkrunarstjóri breytingatilkynningu.

#### Hjúkrunarforstjóri

- Hjúkrunarforstjóri fer yfir framgangsmat m.t.t. niðurstaðna og gætir að samræmi milli mats og starfslýsingar hjúkrunarfræðings.
- Ef af launabreytingum verður skal hjúkrunarforstjóri, skrifa undir breytingartilkynningu með vísan til ákvæða stofnansamnings um launasetningu.
- Hjúkrunarforstjóri sendir yfirfarin framgangsgögn með umsögn eða ábendingum sínum til hjúkrunarstjóra.

#### Ágreiningur

Um ágreiningsmál skal fara samkvæmt kjarasamningi.

## Frammistöðumat

<b>Þekking</b>		1	2	3	4	5
<b>Þekking og starfsreynsla</b>	Bs. í hjúkrunarfræði hjúkrunarpróf					
	Framhaldsnám í hjúkrunarfræði	já	nei	í námi		
	Meistarapróf í hjúkrunarfræði	já	nei	í námi		
	Starfsreynsla í öldrunarhjúkrun, frá úskrift	_____ ár				
	Þekking á tölvuforritum: Word, Excel, Saga, Outlook					
Þekking á flokkunarkerfi hjúkrunar						
<b>Stofnun, stefna og stjórnskipulag</b>	Þekking á stefnu Sóltúns					
	Þekking á stjórnskipulagi og boðleiðum Sóltúns					
	Þekking á lögum og reglum, réttindum og skyldum					
<b>Helstu hjúkrunar-meðferðir – NANDA</b>	Setur fram hjúkrunaráætlun					
	Setur fram hjúkrunargreiningu					
	Setur fram hjúkrunarmeðferð					
	Metur árangur meðferðar					
	Endurmetur hjúkrunaráætlun reglulega					
	Fylgir gæðastaðli Sóltúns um skráningu hjúkrunar					
<b>Skránig RAI mats</b>	Sýnir færni við notkun rafrænna skráningakerfa					
	Vinna með niðurstöður úr RAI mati:					
	- Gæðavísa					
	- Matslykla					
	- Kvarða (ADL, verkjakvarði, vitrænn kvarði, þunglyndiskvarði, virkni-kvarði, lífskvarði).					
	-Þyngdarstuðla					
<b>Hugmyndafræði</b>	Þekking á hugmyndafræði Sóltúns					
	Þekking á hugmyndafræði öldrunarhjúkrunar					
	Þekking á hugmyndafræði árangursstjórnunar					
	Þekking á hugmyndafræði rannsókna					
<b>Klínísk sérfræðiþekking</b>	Hefur sérstaka klíniska þekkingu og sinnir ráðgjafahlutverki					

### Starfspróun – sjálfsmat og markmið

Í þessum málaflokki hef ég sett mér eftirfarandi markmið:

---



---

Til að ná því tel ég mikilvægt að: \_\_\_\_\_

Færni		1	2	3	4	5
Samskiptafærni og sveigjanleiki	Færni í liðsvinnu s.s. eflingu samstöðu, samheldni og upplýsingamiðlun					
	Virk hlustun, heiðarleiki og kurteisi					
	Aðlagar nýjungar og undirbýr breyttar leiðir eftir þörfum					
Fagleg færni	Fagleg færni í völdum hjúkrunar meðferðum a) b)					
	Nýtir rannsóknaniðurstöður í starfi					
	Færni í þekkingaröflun					
	Færni í þekkingarmiðlun, (s.s. í fyrirlestrahaldi og útbýr fræðsluefni)					
	Færni í árangursstjórnun, (s.s. áætlanagerð og mat á árangri)					
Sjálfskraust	Hefur gott sjálfskraust í starfi					
	Fær um að greina eigin styrkleika og veikleika					
	Hvetur til þjálfunar og starfsþróunar á eigin starfi					
Leiðtogafærni	Sýnir frumkvæði og er leiðandi í hjúkrunarþjónustu a) b)					
	Færni í sjálfstæðum vinnubrögðum					
	Færni í ákvarðanatöku					
	Skipulagsfærni og forgangsröðun verkefna m.t.t. mikilvægis					
	Stýrir hjúkrunar meðferðum á árangursríkan hátt					

## Starfsþróun – sjálfsmat og markmið

Í þessum málaflokki hef ég sett mér eftirfarandi markmið:

---



---

Til að ná því tel ég mikilvægt að: \_\_\_\_\_

Styrkleikar mínir felast helst í: \_\_\_\_\_

Viðhorf		1	2	3	4	5
Jákvæðni	Jákvæðni sé drífandi afl í öllum samskiptum					
	Bregst við breytingum á jákvæðan hátt					
	Heldur á lofti og styður stefnu Sóltúns					
Virðing	Ber virðingu fyrir hjúkrun sem fræðigrein					
	Leggur áherslu á samvinnu og gagnkvæma virðingu milli fólks í starfsumhverfi					
	Fjarvistir / mætingar					
	Ber virðingu fyrir skoðunum, gildismati og tilvist íbúanna					
Samvinna	Er samvinna að skila hámarksárangri ?					
	Er samstaða og samheldni í fyrirrúmi ?					
	Er sterk tilfinning um að tilheyra Sóltúni ?					
Þjónusta	Hefur viljann til að aðstoða aðstandendur					
	Hefur viljann til að vinna stöðugt að þróun þjónustu til hagsbóta fyrir íbúa Sóltúns					
	Leggur áherslu á vellíðan og öryggi íbúa					
	Opinn fyrir væntingum og viðhorfum íbúa					

## Starfsþróun – sjálfsmat og markmið

Í þessum málaflokki hef ég sett mér eftirfarandi markmið:

---



---

Til að ná því tel ég mikilvægt að: \_\_\_\_\_

Styrkleikar mínir felast helst í: \_\_\_\_\_

Vísinda og þróunarverkefni		1	2	3	4	5
Þróunarverkefni	Hefur frumkvæði að og eða leiðir þróunar-gæðastarf					
	Er virkur þátttakandi í þróunar-gæðastarfi. Gerð klínískra leiðbeininga eða verklagsreglna					
	Aðlagar nýjungar og undirbýr breyttar leiðir eftir þörfum					
Rannsóknastörf	Er virkur þátttakandi í rannsóknarstarfi, með því að afla gagna með skipulögðum hætti og eða vinna heimildir tengdar efni rannsóknar eða kynna rannsókn fyrir væntanlegum þátttakendum					
	Er meðrannsakandi eða stýrir rannsóknarvinnu					
	Tekur þátt í að semja og setja fram rannsóknaráætlun					
	Vinnur úr rannsóknagögnum					
Stjórnun verkefna	Setur niðurstöður rannsókna fram á skipulagðan hátt					
	Forgangsraðar verkefnum. Sýnir færni í tímastjórnun					
	Skipuleggur og heldur utan um kennslu nema					
Birt efni	Hefur hæfni til að skipuleggja og bera ábyrgð á aðlögun nýráðinna starfsmanna					
	Hefur birt efni á þessu ári: a) b)					

## Starsfþróun – sjálfsmat og markmið

Í þessum málaflokki hef ég sett mér eftirfarandi markmið:

---



---

Til að ná því tel ég mikilvægt að : \_\_\_\_\_

Styrkleikar mínir felast helst í: \_\_\_\_\_

**Athugasemdir starfsmanns:**

**Pekking:**

**Færni:**

**Viðhorf:**

**Vísinda og þróunarverkefni:**

**Umsögn hjúkrunarstjóra:**

**Umsögn hjúkrunarforstjóra:**